



Siðareglur birgja Samskipa og dótturfyrirtækja

10. júlí 2024

Siðareglur birgja Samskipa og dótturfyrirtækja

Siðareglur þessar byggja á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og þeim 10 grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem sett eru fram í UN Global Compact. Þessi 10 grundvallarviðmið snúa að mannréttindum, vinnumarkaðsmálum, umhverfismálum og baráttu gegn hvers kyns spillingu. Þá taka siðareglur þessar einnig mið af lögum og reglugerðum á sviði sjálfbærrar þróunar. Samskip leggja áherslu á að afla aðfanga á ábyrgan hátt, eiga í góðu viðskiptasambandi við alla þá sem koma að starfsemi félagsins og stunda viðskipti við birgja sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi í starfsháttum sínum. Siðareglur þessar fela í sér lágmarkskröfur en Samskip áskilja sér rétt til að gera enn ítarlegri kröfur í samningum við birgja þar sem við á.

Af hálfu Samskipa er gerð sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við, þ.e. fyrirtæki eða einstaklingar sem sjá Samskipum fyrir vörum eða þjónustu, uppfylli siðareglur þessar og sjái jafnframt til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama. Sé þess óskað skal birgi geta staðfest að siðareglum þessum sé fylgt.

Mannréttindi

Birgjar skulu tryggja að alþjóðleg mannréttindi séu virt í starfsemi þeirra og skulu forðast að valda öðrum skaða. Gæta skal sérstaklega að mannréttindum minnihlutahópa.

Ólöglegt vinnuafli, barnavinna og nauðungarvinna

Birgjar skuldbinda sig til þess að ráða ekki til sín ólöglegt vinnuafli. Birgjar skulu ekki ráða börn undir lögaldri til vinnu sem gæti verið hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Þeir skulu enn fremur tryggja að starfsfólk framkvæmi vinnu sína af fúsum og frjálsum vilja og án nauðungar af nokkru tagi. Öllu starfsfólki sé frjálst að segja upp vinnu sinni með lögbundnum fyrirvara.

Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Birgjar skulu virða og viðurkenna félagafrelsi starfsfólks síns og rétt þeirra til kjarasamninga.

Laun, vinnutími og önnur vinnuskilyrði

Birgjar skuldbinda sig til að greiða starfsfólki sínu regluleg laun fyrir vinnuframlag sitt. Greidd skulu a.m.k. lágmarkslaun eins og gerð er krafa um í lögum, reglum og/eða kjarasamningum á starfssvæði birgja. Birgjar skulu virða lög og reglur um réttindi starfsfólks t.d. til hvíldartíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara.

Heilsa og öryggi

Birgjar skulu tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi starfsmanna sinna sem er í samræmi við þær kröfur og reglur sem í gildi eru um aðbúnað á vinnustöðum og skulu sjá starfsfólki sínu fyrir viðeigandi þjálfun í öryggis- og vinnuverndarmálum.

Jafnrétti og bann við mismunun

Birgjar skulu tryggja að starfsmenn þeirra fái jöfn tækifæri og njóti jafnréttis án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Birgjar vinni ávallt í anda jafnréttis og stuðli að starfsumhverfi þar sem einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi er ekki liðið.

Umhverfismál

Birgjar skulu þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar með ábyrgum og markvissum hætti. Þeir skulu m.a. grípa til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni, þ.m.t. í virðis_keðju sinni, með markvissum hætti, leitast við að koma í veg fyrir losun annarra mengunarefna, draga úr myndun úrgangs, stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og gæta að því að valda ekki umhverfinu skaða að öðru leyti.

Hagsmunaárekstrar

Birgjar skulu forðast hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við Samskip. Með hagsmunaárekstrum er t.d. átt við að fulltrúar birgja, skyldmenn þeirra eða vinir hafi eða geti haft persónulega hagsmuni af þeim viðskiptum sem um ræðir, sem telja má andstæða hagsmunum Samskipa. Birgjar skulu tafarlaust tilkynna Samskipum um hvers kyns mögulega hagsmunaárekstra.

Siðferði í viðskiptum

Birgjar skulu starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafa gott siðferði og heiðarleika í viðskiptum sínum og stunda viðskipti að öllu leyti í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi þeirra. Þeir skulu ávallt vinna gegn hvers kyns spillingu, bæði í eigin starfsemi og í virðis_keðju sinni, og skulu ekki bjóða, lofa, gefa, sækjast eftir, krefjast eða þiggja hvers kyns mútugreiðslur með beinum eða óbeinum hætti. Þá skulu birgjar gæta þess að fylgja í hvívetna ákvæðum laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Birgjar skulu enn fremur forðast að aðhafast nokkuð annað í starfsemi sinni, sem kann að valda Samskipum álitshnekki eða varpa rýrð á starfsemi Samskipa.

Samkeppni á markaði

Birgjar skulu stuðla að heilbrigðu samkeppnisumhverfi og stunda sanngjarna samkeppni í samræmi við gildandi lög og reglur. Birgjar skuldbinda sig til að gera ekki samninga, formlega eða óformlega, sem takmarka samkeppni með ólögumætum hætti.

Viðbrögð við frávikum

Samskip gera kröfu um að birgjar sínir bregðist við með viðeigandi hætti, eftir atvikum með því að gera nauðsynlegar úrbætur á starfsemi sinni, fái þeir athugasemdir eða ábendingar um eða verða þess varir að eitthvað í starfsemi þeirra fari á svig við ákvæði siðareglna þessara. Alvarleg brot gegn þessum siðareglum geta leitt til riftunar á samningi eða viðskiptasambandi Samskipa við birgja.

10.07.2024

Framkvæmdastjórn Samskipa